



Lífraenar
hringrásir
Organic
Circuits

Lífvænar hringrásir

Organic Circuits

Á sýningunni Lífrænar hringrásir kemur saman alþjóðlegt listafólk sem birtir áþreifanlega hrifningu sína á náttúrunni í verkum sem tengja saman listir og vísindi. Hér má sjá verk sem endurspeгла djúpstæðan og flókinn skilning á náttúrunni, byggð á rannsóknum og fenginni víðtækri reynslu. Þessi þverfaglegu samvinnuverkefni og leiðangrar ýta undir og styðja við raunverulega breytingu á því hvaða augum við lítum landslagið sem við búum í eða höfum umráð yfir.

Oft á tíðum felst kveikjan að því að þoka vísindum og listum áfram í undrunarblandinni hrifningu fólks á því sem finna má í næsta nágrenni þess. Í síbreytilegu rýminu á milli lista og vísinda finnast einstök tækifæri fyrir óhefðbundna og framsækna hugsun. Slík samvinna hvetur til nýstárlegra og óvæntra tenginga og býður upp á nýja möguleika í samböndum vitrænna vera, móttækilegra lífvera, líflauss náttúruumhverfisins og náttúruyfyrirbæra. Listræn túlkun hjálpar okkur að skynja og upplifa umheim nútímans og málefni hans í rauntíma, í gegnum linsu sem nær út yfir hið vitræna og hið staðreynda.

Áherslan á þá alltumlykjandi umhverfiskreppu sem nú blasir við gegnsýrir daglegt líf okkar. Stöðugur flaumur mynda og tölulegra staðreynda varpar löngum skugga yfir daglegar, vistfræðilegar venjur okkar og yfir vinnu þeirra sem vinna kerfisbundið að því að ráða í gagnkvæm tengsl lifandi og dauðra hluta, og sem búa yfir dýpri skilningi á algrími náttúrunnar, hringrásum hennar og sjálfslagfæringarferlum hennar og manngerðum endurbótum.

Lífrænar hringrásir kannar hvernig hugsun okkar hefur færst í átt að gagnvirkni – endurnýjuðu bandalagi við náttúruna. Sýningin veitir rými til að velta fyrir okkur hvert samskipti okkar við umhverfið hafa leitt okkur. Listafólkið sem á verk á sýningunni leitar að nýjum samvinnuleiðum og gagnkvæmni með því að skoða hvar við höfum verið og hvaða leiðir séu færar fram á við.

© 2016 Organic Circuits

www.organiccircuits.com

www.lifvænar.is

Organic Circuits is a group exhibition project bringing together international artists who have a tangible fascination with nature expressed through their works intertwining art and science. The exhibition presents pieces that reflect a deep and complex understanding of the natural world based on both research and profound experiential knowledge. Their interdisciplinary projects and collaborative transdisciplinary journeys help facilitate and support a true shift in how we view the landscapes we inhabit and occupy.

The interdisciplinary space between art and science is one where there are unique opportunities for unorthodox and progressive thinking. Collaborations help foster unusual connections and introduce new possible futures for relationships between sentient beings and the organic world. Art assists us in viewing and experiencing by creating a lens that transcends the intellectual and factual. Both science and art are developed through inspiration and wonder about that which is often found in our immediate surroundings.

Emphasis on the all-encompassing ecological crisis we face has flooded our daily lives. The barrage of images and statistics often casts a long shadow that obscures our quotidian ecologically-minded practices and the work of those who are systematically moving towards a deeper understanding of the interconnectedness of life and inanimate forms, algorithmic processes, cycles, existing self-rectification processes, and the fostering of new ones.

Organic Circuits aims to shift our thinking towards reciprocity, renewed alliance with the natural world and offers a place to contemplate where our interactions with our surroundings have brought us. It involves seeking new types of collaboration and mutuality by looking at what is behind us and exploring ideas about moving forward.

Anna Líndal er þekkt fyrir þverfaglega nálgun sína á list og umhverfismál. Í verkum sínum beinir hún iðulega sjónum að man-nöldinni og loftlagsbreytingum og nýtir þannig aðferðir listarin-nar til að auka umhverfisvitund.

© 2016 Organic Circuits

www.organiccircuits.com

www.lifvænar.is

Elísabet Jökulsdóttir hefur verið blaðamaður, baráttukona fyrir umhverfisvernd og forsetaframbjóðandi, og er þá fátt eitt talið. Hún er margverðlaunaður rithöfundur sem skrifar ljóð, smásögur, örsögur, skáldsögur og leikrit, og hefur verið tilnefnd til Bókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs. Verk Elísabetar og-Matthíasar er við Varmá.

© 2016 Organic Circuits

www.organiccircuits.com

www.lifvænar.is

Freyja Þórsdóttir er menntuð í heimspeki og leggur m.a. stund á ritstörf. Að undanförmu hefur hún verið með reglulega pistla hjá útvarpsþættinum Víðsjá á Rás 1. Síðastliðin ár hefur hún sem textasmiður og hugsuður tekið þátt í ýmsum verkefnum sem gjarnan hafa verið á mörkum þess listræna og þess fræðilega. Auk þess hefur hún hlotið viðurkenningu fyrir ljóðagerð.

© 2016 Organic Circuits

www.organiccircuits.com

www.lifvænar.is

Heather Barnett er listakona, rannsakandi og kennari sem vinnur með náttúruyfyrirbæri og tilkomin kerfi (e. emergent systems). Með hjálp lifandi lífvera, myndunartækni (e. imaging technologies) sem og kennslufræði sem ber með sér leikgleði, varpar starf hennar ljósi á það hvernig við skoðum, höfum áhrif á og skiljum vistkerfi sem samanstanda af fjölda ólíkra tegunda. Verk Jennifer er í Listasafninu og í Hveragarðinum.

© 2016 Organic Circuits

www.organiccircuits.com

www.lifvænar.is

Herwig Turk vinnur á mörkum lista, tækni og vísinda. Frá árinu 2016 hefur hann stýrt listrænum rannsóknarverkefnum á Tagliamento ánni í Norður-Ítalíu, Dóná og þeim ám sem tilheyrja Bolzano svæðinu. Slík verkefni hefur hann unnið í samstarfi við lista- og vísindafólk.

© 2016 Organic Circuits

www.organiccircuits.com

www.lifvænar.is

Ilana Halperin hefur í listsköpun lagt upp úr því að skoða sambandið milli jarðfræðilegra fyrirbæra og þess hversdagslega. Í starfi sínu leggur hún höfuðáherslu á að skoða tengsl milli jarðfræðilegs tíma og mannlegs tíma. Hún stýrir vettvangsvinnu með sérfræðingum um allan heim, þar á meðal steindafræðingum, jarðfræðingum, eldfjallafræðingum og fornleifafræðingum.

© 2016 Organic Circuits

www.organiccircuits.com

www.lifvænar.is

Jennifer Helia DeFelice er konsept-listakona sem í listsköpun sinni leggur áherslu á performatífa möguleika þess óyrta, þess sem er upplifað beint, til að umbreyta sýn á hið hversdagslega. Auk þess sem hún vinnur með gjörninga, tjáir hún sig í gegnum vídeó-list, innsetningar, uppkomur, þátttökuverkefni, tónlist og nýja miðla. Verk Jennifer er í Listasafninu og í Hveragarði-num.

© 2016 Organic Circuits

www.organiccircuits.com

www.lifvænar.is

Patrick Bergeron útskrifaðist sem verkfræðingur og færði sig síðan yfir í listirnar eftir að hafa starfað fyrir National Film Board of Canada. Síðan þá hefur hann bæði unnið að listrænum ferli sínum sem og starfað við gerð stafrænna tæknibrellna fyrir kvikmyndir og sjónvarpsþætti. Í verkum sínum, vinnur hann með og rannsakar fyrirbærin tíma, minni og hreyfingu. Hann er áhugasamur um plönturíkið, hringrásina sem það tilheyrir og gagnvirk tengslin milli þess og náttúruaflanna.

© 2016 Organic Circuits

www.organiccircuits.com

www.lifvænar.is

Pétur Thomsen hefur einbeitt sér að því að rannsaka röskun á náttúrunni. Þetta hefur hann gert bæði í ljósmyndum sínum af Kárahnjúkavirkjunar-svæðinu í seríunni Imported Landscape og í verkum sínum Umhverfing og Ásfjall (Mt. Ásfjall). Í síðustu mynda-seríu sinni, Landnám, gerir Pétur vettvangsrannsóknir um vetrarnætur og skoðar þrjár hliðar landnýtingar á suðurhlu-ta Íslands: námuvinnu, skógrækt og nýtingu bænda á jörðum sínum.

Magnea Magnúsdóttir er landgræðslufræðingur að mennt og starfar sem umhverfis og landgræðslustjóri hjá Orku náttúrunnar. Magnea hefur sérstakt dálæti og mosa og hefur sérhæft sig í endurheimt á mosapembum. Í starfi sínu vinnur hún að því að endurheimta náttúrleg gróðurlendi en hún hefur einnig fengist við það að gera mosalistaverk. Með verkum sínum vill hún vekja fólk til umhugsunar um áhrif mannanna á gróður og umhverfi og mikilvægi þess að stöðva ekki flæði náttúrulegra ferla.

© 2016 Organic Circuits

www.organiccircuits.com

www.lifvænar.is

Í upphafi ferils síns vann **Matthías Rúnar Sigurðsson** að mestu með teikningar en fór fljótt að hafa áhuga á höggmyndalist. Kveikjan að því var bók um elstu listaverk sögunnar sem flest voru unnin með þeim hætti. Matthías leiddi hugann að því ef þetta var hægt fyrir þúsundum ára, hvað væri þá hægt að gera í dag með þeirri tækni og áhöldum sem nútíminn hefur upp á að bjóða. Hann byrjaði að höggva út með hamar og meitil líkt og upprunalegu verkin höfðu verið unnin en það var tímafrek aðferð. Nú vinnur hann með rafmagnsverkfæri líkt og slípirokk og fræsara sem tekur mun styttri tíma. Verk Matthíasar og Elísabetar er við Varmá.

© 2016 Organic Circuits

www.organiccircuits.com

www.lifvænar.is

Skade Henriksen vinnur með teikningu, ljósmyndun, skúlptúr og innsetningar. Í listrænum rannsóknum sínum leyfir Skade ljóðrænni sýn að taka pláss auk þess sem hún beitir nálgun sem er að hluta til vísindaleg. Hún hefur bakgrunn sem rannsóknar-tæknir og notast við vísindaleg verkfæri og vísindalega skrásetningu sem vinnulag og sem viðmiðunarpunkt í verkum sínum. Verkin hennar hverfast um rannsóknir á landslagi þar sem áher-sla er lögð á landslagsbreytingar, námuvinnslu og hugmyndir um tíma og gildi.

© 2016 Organic Circuits

www.organiccircuits.com

www.lifvænar.is

Í listsköpun **Þorgerðar Ólafsdóttur**, veltir hún fyrir sér ýmis konar hlutum og fyrirbærum sem tengjast skilningi okkar og tengslum við hinn náttúrulega heim þar sem hann mætir, skarast við og er túlkaður innan mannlegs umhverfis.

Listsköpun Þorgerðar er lagskipt og skiptist í ferli, rannsókn og vettvangsvinnu þar sem hún vinnur með ólíkar hugmyndir um tíma, frásagnir og skala. Verk Þorgerðar er í Kömbunum.

© 2016 Organic Circuits

www.organiccircuits.com

www.lifvænar.is